

Sp. 48. Tillaga til þingsályktunar [47. mál]
um ráðunaut í öryggis- og varnarmálum.

Flm.: Friðrik Sophusson, Jón Baldvin Hannibalsson, Jóhann Einvarðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stofna sérstakt embætti ráðunauts ríkisstjórnarinnar í öryggis- og varnarmálum hjá utanríkisráðuneytinu.

Greinargerð.

Tillaga sama efnis hefur verið lögð fram á síðustu tveimur þingum án þess að hljóta endanlega afgreiðslu. Henni fylgdi svofelld greinargerð:

„Allt frá því að Ísland gerðist eitt af stofnríkjum Atlantshafsbandalagsins hefur ríkt einhugur um aðildina að bandalaginu hjá Alpýðuflokki, Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki, en Alpýðubandalagið og forverar þess verið andvígir aðildinni. Á sínum tíma studdu fleiri þingmenn lýðræðisflokkanna gerð varnarsamningsins við Bandaríkin en aðildina að Atlantshafsbandalaginu. Á síðustu árum hafa allir flokkar nema Alpýðubandalagið lýst þeirri skoðun með einum eða öðrum hætti, að breytingar á varnarviðbúnaði hér á landi í þá átt að draga úr honum séu ótímabærar. Umræður um varnar- og öryggismál Íslands einkennast oft um of af tilfinningalegri afstöðu og lítilli þekkingu á þeim staðreyndum, sem móta og ráða stefnunni í þessum málum, og þeim ákvörðunum, sem teknar eru í varnar- og öryggismálum. Árum saman hafa hinir hernaðarlegu þættir, sem móta það ytra umhverfi sem Ísland býr við, verið á vitorði tiltölulega fárra. Stjórnvöld hafa lítt sinnt því að fræða þjóðina um staðreyndir þessara mála. Ein ástæða þess er vafalaust skortur á viðurkenndri innlendri sérfræðiþekkingu á þessum sviðum. Þessi skortur á innlendri sérfræðiþekkingu hefur líka leitt til ásakana þess efnis, að stjórnvöld séu í mati sínu á varnarhagsmunum Íslands á hverjum tíma um of háð mati erlendra manna á íslenskum hagsmunum. Það ætti því að vera augljóst áhuga- og hagsmunamál allra, að Íslendingar ráði sjálfir yfir nægri þekkingu til þess að meta sjálfir þann herfræðilega veruleika sem landið er hluti af, og til þess að meta sjálfstætt þær upplýsingar og skoðanir, sem aðrir kunna að gefa um og hafa á herfræðilegri stöðu Íslands og varnar- og öryggishagsmunum landsins. Slík herfræðiþekking

innan stjórnkerfisins er í fyrsta lagi til þess fallin að treysta ákvarðanir stjórnvalda á þessum sviðum. Í öðru lagi mundi hún eyða tortryggni og ásökunum í garð þeirra sem með þessi mál fara. Á síðustu árum hafa Alþýðuflokkur, Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur allir lýst vilja sínum í þessu efni.

Á landsfundi Sjálfstæðisflokksins 1967 sagði þáverandi formaður flokksins, Bjarni Benediktsson forsætisráðherra, m. a.: „Annað mál er, hvernig vörnum Íslands skuli háttáð hverju sinni. Það verður stöðugt að meta eftir atvikum, og einmitt þess vegna var varnarsamningurinn við Bandaríkin bundinn því höfuðskilyrði af hálfu Íslendinga, að við gætum sjálfir einhliða með tilteknum fresti sagt honum upp. Við höfum þetta því á valdi okkar og getum metið eftir eigin þekkingu á aðstæðum, hvað gera skuli. En spurning er: Höfum við þá þekkingu, sem á þarf að halda? Við erum svo fjarhuga hernaði, að enginn eiginlegur íslenskur hernaðarsérfræðingur er til, svo að um sé vitað. Talað er um, að við eigum að láta íslenska sérfræðinga taka að sér rekstur varnarmannvirkjanna. Þetta kann að láta vel í eyrum og verða menn þó þá að gera sér grein fyrir, hvort eigi sé um orðaleik að ræða, þannig að slíkir svokallaðir sérfræðingar séu í raun og veru hermenn. Úrlausnarefnið er þá í raun og veru, hvort Íslendingar eigi að taka upp eigin hermennsku eða ekki. Slíkt þarf ekki að vera nein fjarstæða, en ef menn vilja það, þá er nauðsynlegt að segja það berum orðum, svo að allir geti áttað sig á, um hvað sé að ræða. En áður en við tökum slík sérfræðingastörf að okkur, sýnist hitt sanni nær, að við öflum okkur sérfræði í herstjórnarmálum, svo að við þurfum ekki að sjá þau með annarra augum. Fyrsta skrefið hlýtur þess vegna að vera það að leggja drög að öflun þvívíkrar sérfræði.“

Þessi skoðun var ítrekuð í yfirlýsingu Sjálfstæðisflokksins um utanríkis- og varnarmál 1974 og oft síðan af forustumönnum flokksins.

Á fjórutíu ára afmæli íslensku utanríkisþjónustunnar lýsti núverandi utanríkisráðherra, Ólafur Jóhannesson, fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins, því yfir, að hann teldi æskilegt og hefði í huga að ráða herfræðilega menntaðan mann til starfa í utanríkisráðuneytinu. Þetta hefur ráðherrann síðar ítrekað.

Benedikt Gröndal, fyrrv. formaður Alþýðuflokksins og utanríkisráðherra, hefur hreyft þeirri hugmynd að stofna beri sérstaka rannsóknarstofnun er fjallaði að staðaldrí um utanríkis- og öryggismál. Hlutverk hennar væri fyrst og fremst að leggja hlutlægt mat á tæknilegar upplýsingar og þróun mála og að vera stjórnvöldum til ráðuneytis við stefnumótandi ákvarðanir.

Í ritstjórnargreinum Alþýðublaðsins hefur sú skoðun verið sett fram, að Íslendingar eigi að krefjast fullgildrar þátttöku í störfum hermálanefndar NATO. Aðild að henni kallar á það, að á vegum utanríkisráðuneytisins starfi sérfróðir aðilar um hernaðar- og öryggismál er geti lagt hlutlægt mat á tæknilegar upplýsingar út frá séríslenskum hagsmunum. Spurningin um það, hvort varnarviðbúnaðar fullnægi ströngustu kröfum um öryggi íslenskra borgara, er t. d. stöðugt matsatriði.

Þannig eru allir stuðningsflokkar Atlantshafsbandalagsins hér á landi á einu máli um það, að innlend sérfræðiþekking á sviði hermála sé nauðsynleg. Þrátt fyrir andstöðu Alþýðubandalagsins við Atlantshafsbandalagið og varnarliðið verður því, vart trúað að óreyndu með tilliti til þess, hve sá flokkur leggur mikla áherslu í málflutningi sínum á íslenska hagsmuni í varnar- og öryggismálum, að Alþýðubandalagið mundi vera andvígt því að íslensk stjórnvöld ráði á hverjum tíma yfir sérfræðilegri þekkingu í varnar- og öryggismálum.

Embætti af því tagi, sem þessi þingsályktunartillaga gerir ráð fyrir, yrði að hafa á að skipa starfslíði, sem bæði hefði herfræðilega (strategíska) þekkingu og almenna hernaðarþekkingu. Miðað við núverandi skiptingu starfa milli ráðuneyta væri eðlilegast að embætti þetta félli beint undir utanríkisráðherra, eins og varnarmáladeild gerir nú, en verkefni hennar eru fyrst og fremst fólgin í hvers konar stjórnsýslulegum samskiptum við varnarliðið og

skipulagningu verklegra framkvæmda á þess vegum. Verkefnaskipting milli hins nýja embættis og varnarmáladeildar eða innan varnarmáladeildar yrði ákveðin af utanríkisráðherra. Verkefni þessa embættis væru að annast mat á herfræðilegri stöðu Íslands, varnarþörfum landsins og að gera tillögur um hvernig öryggi Íslands verði best tryggt. Embættið mundi annast öll samskipti Íslands við Atlantshafsbandalagið og varnarliðið á sviði hermála og öryggismála innan utanríkisráðuneytisins og í fullri samvinnu við önnur viðkomandi stjórnvöld og vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um hvað eina sem snertir þjóðaröryggi og varnarmál Íslands.“